

**Úrskurður**  
**úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála**  
**í máli nr. 1/2013**  
**X<sup>1</sup>**  
**gegn**  
**Póst- og fjarskiptastofnun**

**I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila**

Þann 11. júlí 2013 barst úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála kæra X<sup>2</sup> vegna ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 7/2013 um fyrirmæli um úrbætur á rafmagnsgirðingu að X<sup>3</sup> til að fyrirbyggja fjarskiptatruflanir.

Í hinni kærðu ákvörðun var kveðið á um að kærandi, sem er (...) <sup>4</sup> og eigandi rafmagnsgirðingarinnar, skyldi fyrir 8. júlí 2013 færa hluta af rafmagnsgirðingunni í samræmi við uppdrátt í viðauka við hina kærðu ákvörðun. Allur kostnaður vegna framkvæmdar verksins, þ.m.t. vegna vinnu, efniskaupa og flutnings skyldi borinn af kæranda.

Kærandi krefst þess að úrskurðarnefnd felli ákvörðun PFS úr gildi. Í kærinni kemur jafnframt fram að mótmæli hans lúti að þeim hluta hinnar kærðu ákvörðunar sem kveður á um að hann skuli bera allan kostnað sem falli til við framkvæmd verksins.

PFS krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest og óskar eftir að málinu verði hraðað eins og kostur er.

**II. Helstu málsatvik og ákvörðunarorð PFS**

Mál þetta má rekja til kvartana sem bárust PFS vegna truflana í jarðsímálínu á nærliggjandi bæjum við (...) <sup>5</sup>. Kvartendum var leiðbeint af PFS um að leita til Mílu ehf., sem á og rekur heimtauganetið á umræddu svæði og eftir atvikum til Símans hf., sem veitir þjónustu um netið, ef vera kynni að orsakir truflananna mætti rekja til símalínunnar sjálfrar. Samkvæmt athugun Mílu var símalínan fullkomlega þétt og án leiðni til jarðar. Af hálfu fyrirtækisins var því talið að orsök truflananna á fjarskiptasambandi við nærliggjandi bæi yrði rakin til rafmagnsgirðingar á landi kæranda. Prófanir af hálfu PFS þóttu einnig benda til þess að truflanir væri að rekja til rafmagnsgirðingarinnar en ekki t.d. til útleiðni eða óþéttleika símstrengsins. Lagðar voru fram tillögur að úrbótum með færslu rafmagnsgirðingarinnar og fram fóru

---

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>2</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>3</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>4</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>5</sup> Fellt niður vegna trúnaðar.

sáttaumleitanir vegna kostnaðar af slíkri framkvæmd, án þess að þær bæru árangur. Var málið því sett í farveg formlegrar ákvörðunartöku af hálfu PFS og lauk með hinni kærðu ákvörðun.

Í ákvörðunarorðum PFS var kæranda, með vísan til 2. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, gert að færa hluta af rafmagnsgirðingu á jörð sinni og tengja hana við girðingu á tilteknum stað, í samræmi við uppdrátt í viðauka við ákvörðunina. Í ákvörðunarorðunum kemur fram að um sé að ræða „lagningu á rúmlega 2 km girðingu til að hún liggi hvergi samsíða símastrengnum og 1 km hliðarstreng eða alls um 3,2 km langa girðingu.“ Þá segir í ákvörðuninni að allur kostnaður sem til falli við framkvæmd verksins, þ.m.t. vegna vinnu, efniskaupa og flutnings, skuli borinn af kæranda, (...)⁶, eiganda girðingarinnar.

### III. Helstu málsástæður kæranda

Kærandi krefst þess að sá hluti hinnar kærðu ákvörðunar sem skyldi hann til úrbóta á rafmagnsgirðingu á eigin kostnað verði felldur úr gildi. Í kærinni kemur fram að kærandi stundi búskap á jörðinni og hafi lagt rafmagnsgirðinguna árið 1981 en jarðsímálína hafi verið lögð í jörðina á árunum 1983-1986. Rafmagnsgirðingin hafi verið til staðar þegar símalínan var lögð. Kærandi kveður girðinguna mjög mikilvæga vegna atvinnustarfsemi sinnar enda sé lausagagna búfjár bönnuð. Kærandi bendir á að hann hafi sett upp bráðabirgðatengingu í þeim tilgangi að minnka kraft á girðingu sem liggur samsíða símastrengnum og að hann hafi einnig fallist á að leggja land undir þær girðingar sem getið sé í tillögum PFS. Hann fellst hins vegar ekki á að „bera kostnað af framkvæmdinni umfram það sem hann þyrfti að hafa af eðlilegu viðhaldi á núverandi girðingu.“

Kærandi telur að 2. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti geti ekki verið grundvöllur fyrir því að þvinga hann til að færa girðinguna á eigin kostnað. Ákvæðið brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrár um eignarrétt og atvinnufrelsi. Þá brjóti hin kærða ákvörðun í bága við meginregluna um bann við afturvirkni laga, forgang eldri mannvirkja, tómlæti, sjónarmið um meðalhóf, að íþyngjandi ákvæði beri að túlka þröngt og rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga.

#### *Sjónarmið um eignarrétt og atvinnufrelsi;*

Kærandi telur að krafan um úrbætur á girðingunni á hans kostnað sé í andstöðu við hefðbundin sjónarmið um eignarrétt og atvinnufrelsi sem varin séu af stjórnarskrá. Kærandi sé réttmætur eigandi jarðarinnar og sé girðingin notuð í tengslum við atvinnurekstur hans. Lagaákvæði sem kveði á um skerðingu á umræddum réttindum beri að túlka þröngt og í samræmi við stjórnarskrá. Girðingin hafi verið fyrir á jörðinni þegar símalínan hafi verið lögð og hafi staðið þar athugasemdalaust í 30 ár. Hin kærða ákvörðun feli að mati kæranda í sér skerðingu á eignarrétti hans sem beri að bæta.

---

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.

#### *Afturvirkni laga;*

Að mati kæranda ber að túlka ákvæði fjarskiptalaga í samræmi við meginregluna um bann við afturvirkni laga en óumdeilt sé að rafmagnsgirðingin hafi verið reist 30 árum áður en 64. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 hafi gengið í gildi. Því verði hann ekki beittur þeim þvingunum sem kveðið sé á um í ákvæðinu.

#### *Forgangur eldri mannvirkja;*

Kærandi telur sig ekki bera kostnað af úrbótum á rafmagnsgirðingunni þar sem girðingin hafi staðið á landi hans þegar jarðsímálínan var lögð. Eiganda eldra mannvirkis á eignarlóð verði ekki gert að greiða kostnað við mannvirki sem reist hafi verið síðar. Jarðsímálínan hafi verið lögð í gegnum jörð kæranda samhliða rafmagnsgirðingunni. Ef nálægð við rafmagnsgirðinguna veldur truflunum sem krefjist úrbóta hljóti slíkar framkvæmdir að vera alfarið á ábyrgð og kostnað eiganda símalínunnar. Kærandi kveðst fús til samvinnu um tilfærslu girðingarinnar. Kostnaður vegna hennar verði hins vegar ekki lagður á hann. Skilningur PFS, um að ákvæði 2. mgr. 64. gr. fjarskiptalaga taki til allra mannvirkja óháð því hvenær þau hafi verið reist, sé að mati kæranda ótækur.

#### *Skylda til úrbóta fallin niður vegna tómlætis;*

Kærandi byggir einnig á því að skylda hans til úrbóta sé niðurfallin vegna tómlætis. Þau 30 ár sem símalínan hafi legið í gegnum land hans hafi honum ekki borist kvartanir um truflanir. Fyrst hafi borist kvörtun síðla árs 2012 og ekki liggi fyrir hvort þær truflanir hafi staðið yfir frá upphafi. PFS telji í hinni kærðu ákvörðun ekki þörf á því að staðreyna hvenær truflun hafi hugsanlega fyrst mælst, heldur sé miðað við það tímamark þegar kvörtun kvartanda hafi komi fram eða þann 15. júní 2012. Í hinni kærðu ákvörðun komi þó einnig fram að PFS hafi borist munnlegar ábendingar um fjarskiptatruflanir sumarið 2011. Því gæti ákveðins misræmis að mati kæranda í því hvenær kvörtun hafi borist PFS og á hvaða tímamarki eigi að byggja. Að mati kæranda er hér um að ræða verulega íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun og því sé sönnunarbyrði og sönnunarkröfur í samræmi við það. Kærandi telur að ekki sé unnt að þvinga hann til þess að færa á eigin kostnað rafmagnsgirðingu sem staðið hafi í 30 ár án athugasemda.

#### *Sjónarmið um meðalhóf;*

Kærandi telur hina kærðu ákvörðun um skyldu til úrbóta á eigin kostnað brjóta í bága við meðalhófsreglu í 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Kærandi hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa straum af kostnaði við framkvæmdina. Það mat PFS að rúmlega ein milljón króna sé innan hóflegra marka sé ekki rökstutt. Kærandi telur að PFS beri að meta hvert tilvik fyrir sig með tilliti til fjarhags og umfangs atvinnustarfsemi hvers aðila fyrir sig. Þá liggi ekki fyrir hversu miklar truflanir á fjarskiptasambandi verði raktar til nálægðar línunnar við rafmagnsgirðinguna og hvaða áhrif truflanirnar hafi. Mat á kostnaði við að færa símalínuna liggi ekki fyrir eða hvort önnur og vægari úrræði gætu komið að sama gagni. Meta beri kostnað kæranda og afleiðingar fyrir atvinnustarfsemi

hans og lífsviðurværi í samamburði við meint óþægindi notenda símalínunnar af truflunum á talsambandi.

*Íþyngjandi ákvæði beri að túlka þröngt og brot á rannsóknarreglu;*

Kærandi telur verulegan vafa leika á lögmæti hinnar kærðu ákvörðunar þar sem rök hnígi í þá átt að 2. mgr. 64. gr. fjarskiptalaga standist ekki stjórnarskrá og því beri að túlka allan vafa kæranda í hag.

Loks telur kærandi að PFS hafi ekki fylgt rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga við töku hinnar kærðu ákvörðunar. Í hinni kærðu ákvörðun gæti ósamræmis varðandi orsakir fjarskiptatruflana. Annars vegar virðist PFS telja truflunina stafa af bágu ástandi girðingarinnar og hins vegar staðsetningu girðingarinnar samhliða strengnum. Kærandi telur nauðsynlegt að fá úr því skorið hver sé orsök truflananna enda yrði það mun viðaminni framkvæmd að lagafærða girðinguna á þeim stað sem hún stendur en að flytja hana.

#### **IV. Helstu málsástæður PFS**

Í greinargerð PFS er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Einnig vekur PFS athygli á því að kærandi mótmæli eingöngu þeim hluta hinnar kærðu ákvörðunar sem lúti að því að kostnaður af framkvæmd úrbótanna falli á hann, þ.m.t. vegna efniskaupa og flutnings. Þar af leiðandi munu sjónarmið PFS aðallega taka til túlkunar 2. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti sem sé hinn lagalegi grundvöllur fyrir því að kærandi eigi að bera kostnaðinn af þeim úrbótum sem mælt sé fyrir um.

*Lagagrundvöllur hinnar kærðu ákvörðunar;*

PFS telur að með hliðsjón af markmiði laga um fjarskipti að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti, svo og hlutverki stofnunarinnar að tryggja heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta, hafi löggjafinn tryggt stofnuninni ákveðin úrræði til að vernda almenn fjarskiptanet. Er þar m.a. um að ræða víðtækar inngripsheimildir til að koma í veg fyrir og uppræta fjarskiptatruflanir, sbr. 64. gr. laga um fjarskipti. Í 2. mgr. greinarinnar komi fram að þegar fyrir liggja að rafföng, tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valdi skaðlegri truflun á rekstri fjarskiptavirkis sé PFS heimilt að beina fyrirmælum til eiganda slíks hlutar um að hann grípi á eigin kostnað til viðeigandi úrbóta án tafar.

Þegar fjarskiptatruflanir megi rekja til raffangs sé ótvírætt að leysa skuli úr málinu á grundvelli fjarskiptalaga, sbr. sérstaka lagaskilareglu þar að lútandi í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 397/2012 um rafsegulsamhæfi.

PFS bendir á að ákvæði 64. gr. laga um fjarskipti mæli fyrir um þá meginreglu að vernd fjarskiptavirkja skuli hafa ákveðinn forgang fram yfir annan búnað, ef sýnt þyki að hann valdi truflunum á fjarskiptum. Megi ætla að forgangurinn sé vegna almenns mats á hagsmunum, þ.e. hversu fjarskipti séu mikilvæg í tæknivæddu samfélagi nútímans.

Samkvæmt skýru orðalagi 2. mgr. 64. gr. sé ábyrgðin á því að fyrirbyggja truflanir hjá eiganda þess fjarskiptavirkis, raffangs eða annars búnaðar sem valdi fjarskiptatruflunum. Beri eiganda slíks búnaðar að grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir fjarskiptatruflunina, þ.á m. tilfærslu þess hlutar sem valdi truflun.

PFS telur að við þær breytingar sem gerðar hafi verið á lögum um fjarskipti með lögum nr. 34/2011 hafi rafmagnsgirðingar sérstaklega verið hafðar í huga varðandi hluti sem falli undir ákvæðið og hugsanlega þurfi að færa úr stað til að fyrirbyggja truflanir á fjarskiptum. Löggjafinn hafi einnig tekið af skarið og ákveðið að eigandi þess búnaðar sem valdi fjarskiptatruflun skuli bera kostnað af úrbótum. Það falli því innan valdheimilda stofnunarinnar að beina fyrirmælum til kæranda um úrbætur á rafmagnsgirðingunni og að hann skuli bera þann kostnað sem af þeim hljótist.

#### *Sjónarmið um eignarrétt og atvinnufrelsi;*

PFS bendir á að það sé viðurkennt sjónarmið í stjórnskipunarrétti að löggjafinn geti sett eignar- og atvinnuréttindum skorður sem takmarki slík réttindi með almennum hætti. Slíkar takmarkanir á grundvallarréttindum eigi það sammerkt að þjóna almannahagsmunum með einhverjum hætti. Ákvæði 64. gr. laga um fjarskipti hafi að geyma reglur og úrræði sem séu nauðsynlegar til að fyrirbyggja og uppræta fjarskiptatruflanir þannig að allur almenningur hafi aðgang að öruggum fjarskiptum. PFS bendir einnig á að það sé ekki á valdi stjórnvalda, þ.m.t. úrskurðarnefndar, að víkja til hliðar settum lagaákvæðum með vísan til þess að þau standist ekki ákvæði stjórnarskrár, það sé einungis á færi dómstóla.

#### *Afturvirkni laga;*

PFS telur að hér komi fyrst og fremst til skoðunar hvort ákvæði um tiltekna skyldu hafi öðlast gildi þegar það atvik sem telst andlag skyldunnar átti sér stað. Hér sé um að ræða kvörtun um fjarskiptatruflun sem hafi komið fram með bréfi kvartanda til PFS þann 15. júní 2012. Síðustu breytingar á 64. gr. fjarskiptalaga hafi öðlast gildi þann 13. apríl 2011 eða rúmu ári áður en kvörtunin hafi komið fram. PFS telur því ljóst að í máli þessu hafi stofnunin leyst úr kvörtun yfir fjarskiptatruflun á grundvelli regluverks sem hafi öðlast bindandi lagalegt gildi þegar hún hafi komið fram.

#### *Forgangur eldri mannvirkja;*

PFS telur að ákvæði 64. gr. fjarskiptalaga geri ekki greinarmun á því hvenær tiltekin fjarskiptavirki, rafföng, eða önnur tæki hafi verið reist. Skyldan samkvæmt ákvæðinu beinist að rót vandans, þ.e. frá hverjum fjarskiptatruflunin stafi, og leggi skylduna til úrbóta og kostnað á þann aðila sem beri ábyrgð á fjarskiptatrufluninni en það sé eigandi þess búnaðar, tækis eða hlutar sem valdi trufluninni. Um þetta sé ákvæðið alveg skýrt. Hafi ætlunin verið að gera undantekningar á þessu, t.d. að kveða á um forgang eldri búnaðar fram yfir yngri búnað, þá hefði þurft að kveða á um það sérstaklega í ákvæðinu.

### *Skyldan til úrbóta niður fallin vegna tómlætis;*

Rétt sé hjá kæranda að PFS hafi sumarið 2011 fyrst vitað um mögulega fjarskiptatruflun en kvartanda hafi verið leiðbeint um að hafa samband við sinn þjónustuveitanda sem hafi verið Míla. Það sé ekki fyrr en kvartandi ítreki kvörtun sína sumarið 2012 að ljóst sé að ekki hafi verið bætt úr fjarskiptatrufluninni og að aðkoma PFS væri nauðsynleg til að skera úr um ágreining um hvers skylda það væri að grípa til úrbóta og á hvers kostnað. PFS telur það þó ekki skipta öllu máli hvort aðkoma stofnunarinnar að málinu miðist við sumarið 2011 eða sumarið 2012. PFS miði við það tímamark þegar kvörtunin hafi formlega komið fram, þ.e. 15. júní 2012.

Ályktanir PFS um að umrædd fjarskiptatruflun hafi komi fram undanfarin ár séu byggðar á sérfræðilegri þekkingu stofnunarinnar á eðli og virkni fjarskiptatruflana. Þekkt sé að hætta á því að rafföng leiði út frá sér og valdi fjarskiptatruflunum aukist með aldri tækjanna. Þegar um sé að ræða rafmagnsgirðingar skipti aldur og ástand girðingastaura jafnframt miklu máli. Eftir því sem þeir eldast, fúna og springa þá dragi þeir í sig meiri raka sem síðan auki útleiðni rafstraums. Í niðurstöðum vettvangsrannsókna PFS komi fram að ástand girðingarstaura hafi verið í misjöfnu lagi og að líklegt sé að truflunin hafi smám saman ágerst og með tímanum orðið það öflug að valda skaðlegum fjarskiptatruflunum. Það sé ekki fyrr en truflun verði skaðleg í skilningi 64. gr. laga um fjarskipti, þ.e. hafi veruleg neikvæð áhrif á fjarskipti, rýri gæði þeirra verulega, takmarki eða komi í veg fyrir fjarskipti, að það reyni á umrædd ákvæði og skylda PFS til athafna verði virk.

### *Brot á meðalhófi;*

PFS telur að sú leið sem hafi verið valin í hinni kærðu ákvörðun, þ.e. að færa girðinguna og breyta þannig flutningsleið burðarstraumsins, sé bæði ódýrust, hagfelldust og í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar og staðla um uppsetningu og frágang rafmagnsgirðinga. Þó að sú leið að færa símalínuna hafi ekki verið kostnaðarmetin, þá telji PFS að sú framkvæmd, með öllu því jarðraski sem henni myndi fylgja, yrði mun kostnaðarsamari en tilfærsla girðingarinnar á þeim kafla sem tiltekinn sé í hinni kærðu ákvörðun.

PFS bendir einnig á að mælt sé fyrir um það í 2. mgr. 64. gr. fjarskiptalaga hver skuli bera kostnaðinn af úrbótum. Ákvæðið gefi ekki svigrúm til mats á meðalhófi sem geti leitt til annarrar niðurstöðu, t.d. um skiptingu kostnaðar eða að einhver annar skuli bera kostnaðinn í staðinn fyrir kæranda. Meðalhófið felist í því að velja hagkvæmasta og ódýrasta kostinn og það hafi verið gert í hinni kærðu ákvörðun.

### *Túlka beri íþyngjandi ákvæði þröngt;*

PFS telur ákvæði 2. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti skýrt um það hver skuli bera kostnað af úrbótum til að laga og fyrirbyggja fjarskiptatruflanir. Sú meginregla að túlka skuli íþyngjandi lagaákvæði þröngt geti aldrei að mati PFS leitt til niðurstöðu sem gangi gegn

skýringu samkvæmt orðanna hljóðan. Með 2. mgr. 64. gr. hafi löggjafinn tekið af skarið um hver beri kostnaðinn af úrbótum vegna fjarskiptatruflana. Því verði ekki breytt með þrengjandi lögskýringu.

#### *Rannsóknarreglan;*

PFS þykir þessi málsástæða skjóta skökku við í ljósi þess hvernig kærandi hafi afmarkað ágreiningsefni þessa máls, þ.e. að hann sé einungis að mótmæla þeim hluta ákvörðunar stofnunarinnar sem lúti að því að hann eigi að bera kostnað af úrbótum. Í því felist að kærandi leggist ekki efnislega gegn þeim úrbótum sem PFS hafi mælt fyrir um, en hann hafi sérstaklega tekið fram að hann sé tilbúin að leggja til land undir framkvæmdina. Mál þetta hefur að mati PFS verið kyrfilega rannsakað og hafi miklu verið til kostað bæði með eigin vettvangsrannsókn auk þess sem stofnunin hafi lagt fyrir Mílu að skila ýmsum mælingum og gögnum.

Niðurstöður framangreindra rannsókna séu að rafmagnsgirðingin valdi truflunum á símastreng sem liggja samsíða girðingunni á tilteknum stað. Ástæður þessa séu samverkandi en ekki ósamrýmanlegar eins og skilja megi af framsetningu kæranda. Annars vegar sé girðingin í slæmu ásígkomulagi og hins vegar liggja burðarstraumur samsíða símastrengnum í stað þess að fara fyrst meðfram jaðri túnsins. Þannig komi saman tveir veikleikar, þ.e. slakt ástand girðingarinnar og nálægð símalínunnar við þann hluta girðingarinnar sem beri burðarstrauminn, sem til samans valdi þeirri fjarskiptatruflun sem um ræði.

Lausn vandans felist fyrst og fremst í því að beina burðarstraumnum frá þeim legg girðingarinnar sem liggja samsíða símalínunni. Uppsetning girðingarinnar eins og hún sé í dag gangi gegn alþjóðlegum leiðbeiningum um uppsetningu rafmagnsgirðinga. Ef uppsetningu girðingarinnar yrði ekki breytt eins og PFS leggi til kæmi til álita að mati stofnunarinnar að skipta alveg um girðingarstaura á þeim legg línunnar sem liggja samsíða símalínunni og gera þá kröfu að þeir væru úr óleiðandi efni, t.d. plasti. PFS tekur fram að slíkur valkostur hafi þó ekki verið uppi á borðinu við töku hinnar kærðu ákvörðunar þar sem hann væri mun kostnaðarsamari en að breyta uppsetningu girðingarinnar. Auk þess væri ekki öruggt að sú leið myndi skila fullum árangri, þar sem burðarstraumur girðingarinnar myndi eftir sem áður liggja samsíða símalínunni. Prófanir bendi hins vegar til þess að sú leið sem mælt sé fyrir um í hinni kærðu ákvörðun dugi til að fyrirbyggja, eða a.m.k. að draga verulega úr þeim fjarskiptatruflunum sem um ræði. Í ljós framangreinds sýna ábendingar kæranda að mati PFS ekki fram á að rannsókn málsins hafi verið ábótavant.

#### *Lokaorð og beiðni um flýtimeðferð;*

Að mati PFS varðar mál þetta þá hagsmuni að almenningur hafi aðgang að öruggum fjarskiptum, sbr. markmið fjarskiptalaga þar að lútandi. Ljóst sé að þegar almannahagsmunir séu í húfi geti einkahagsmunir þurft að víkja að hluta eða öllu leyti,

með almennum takmörkunum á slíkum réttindum án þess að sérstakar bætur komi fyrir. Í lögum um fjarskipti hafi verið mótað ákveðið regluverk um hvernig eigi að takast á við fjarskiptatruflanir og sé hin kærða ákvörðun um úrbætur á rafmagnsgirðingu til að fyrirbyggja fjarskiptatruflanir í samræmi við það regluverk og reglur stjórnarsýslulaga.

PFS bendir á að verði hin kærða ákvörðun felld úr gildi þyki stofnuninni ljóst að um stórkostlegan galla í fjarskiptalöggjöfinni væri að ræða sem myndi skapa mikla réttaróvissu um ábyrgð og skyldur í þessum málum og gera stofnunina úrræðalaus til þess að fást við vandamál af þessu tagi. Í ljósi hagsmunanna um aðgengi að öruggu fjarskiptasambandi óskar PFS eftir því að mál þetta hljóti hraða afgreiðslu af hálfu nefndarinnar.

### **V. Afstaða Mílu**

Athugasemdir Mílu bárust úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála þann 16. ágúst sl. Frestur fyrirtækisins til að koma að athugasemdum hafði verið framlengdur frá 8. ágúst til þess dags. Í athugasemdum Mílu kemur m.a. fram að það hafi verið niðurstaða umfangsmikillar rannsóknar PFS að fjarskiptatruflanir stöfuðu frá rafmagnsgirðingu í eigu kæranda en ekki fjarskiptalögnum Mílu. Míla telur ákvæði 2. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 mæla skýrt fyrir um að eigandi raffangs sem valdi truflunum á fjarskiptum skuli bera allan kostnað af framkvæmd við úrbætur. Hvergi sé að finna lagastoð fyrir því að ákvörðun um að eigandi fjarskiptainnviða beri kostnað af úrbótum af rafföngum í eigu annarra er valda truflun á fjarskiptum.

### **VI. Frekari athugasemdir kæranda**

Í athugasemdum kæranda, dags. 3. september 2013, leggur hann áherslu á að meint truflun á fjarskiptum stafi af því að símalínan hafi verið lögð of nærri rafmagnsgirðingunni sem þá hafi þegar verið til staðar. Þá telur hann ósannað að truflunin sé ný af nálinni. Kærandi ítrekar meginreglu um forgang æðri réttarheimilda (lex superior) og þá skoðun sína að ákvörðun PFS samræmist ekki meðalhófsreglu stjórnskipunarréttarins.

### **VII. Frekari athugasemdir PFS og kæranda**

PFS voru sendar frekari athugasemdir kæranda til upplýsingar. Af því tilefni sendi PFS tölvupóst, dags. 4. september, þar sem vikið var að bærnei stjórnvalda til þess að skera úr stjórnskipulegu gildi laga. Þá bendir PFS á að í kæru kæranda sé tekið fram að kæran beinist að þeim hluta hinnar kærðu ákvörðunar sem snúi að kostnaði úrbóta. Þrátt fyrir það byggir kærandi á málsástæðum sem gangi langt út fyrir þá afmörkun málsins. Í þessu felist mótsögn sem kærandi hafi ekki skýrt. Loks ítrekar PFS að orðalag 2. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti sé skýrt um hver skuli bera kostnað af úrbótum.

Af hálfu kæranda er ítrekað í tölvupósti til úrskurðarnefndar, dags. 10. september 2013, að kæran snúi að hinni kærðu ákvörðun í heild sinni enda sé þess krafist að hún verði



felld úr gildi. Telur að hann að allar málsástæður hans eigi við um þá niðurstöðu í ákvörðun PFS að hann beri kostnað af tilteknum framkvæmdum þó svo að hann hafi fyrir sitt leyti getað samþykkt að leyfa framkvæmdirnar ef þær yrðu kostaðar af öðrum.

## **VIII. Niðurstöður**

### **1. Kröfur aðila og málsástæður**

Í máli þessu er deilt um ákvörðun PFS nr. 7/2013 um að kærandi, sem er eigandi rafmagnsgirðingar sem talin er valda truflunum á fjarskiptum, skuli færa hluta girðingarinnar í samræmi við uppdrátt í viðauka við hina kærðu ákvörðun og bera kostnaðinn af þeirri framkvæmd.

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Hann sé eigandi jarðarinnar sem girðingin standi á og stundi þar búskap. Hann leggur á það áherslu að girðingin hafi verið sett upp áður en símastrengurinn hafi verið lagður. Úrbætur á hans kostnað umfram það sem hljótist af eðlilegu viðhaldi, brjóti í bága við eignarrétt hans og atvinnufrelsi sem varin séu af stjórnarskrá. Því beri að bæta alla skerðingu á þeim eignarrétti. Þá brjóti hin kærða ákvörðun í bága við bann við afturvirkni laga, forgang eldri mannvirkja, tómlæti, meðalhóf, rannsóknarskyldu, auk þess sem íþyngjandi ákvæði beri að túlka þröngt.

PFS krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Lög um fjarskipti kveði með skýrum og ótvíræðum hætti á um að eigandi raffangs, s.s. rafmagnsgirðingar, sem valdi truflunum á fjarskiptum beri kostnað af úrbótum. PFS telur sjónarmið um eignarrétt og atvinnufrelsi ekki víkja til hliðar settum lagaákvæðum nema dómstólar kveði á um slíkt. Að sama skapi eigi sjónarmið um afturvirkni laga, forgang til úrbóta og skyldu til úrbóta ekki við í máli þessu. Mál þetta hafi að mati PFS verið rannsakað í þaula bæði af Mílu og af stofnuninni. Að mati PFS hafi ákvörðun um að færa rafmagnsgirðinguna verið í samræmi við meðalhóf.

Míla krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

### **2.**

#### **Afmörkun umfjöllunar**

Úrskurðarnefnd lítur svo á að ekki sé ágreiningur um að bæta þurfi úr þeim truflunum sem verið hafa á fjarskiptum á svæðinu og að orsök þeirra megi rekja til rafmagnsgirðingar í eigu kæranda. Ekki er deilt um það að úrbætur geti falist í tilfærslu rafmagnsgirðingarinnar og hefur kærandi lýst yfir að hann sé fús til samvinnu um þá framkvæmd og fallist á að leggja land undir þær girðingar sem fram komi í viðauka við hina kærðu ákvörðun. Af kærinni verður þó ráðið að hann telji að lausn málsins geti falist í annars konar framkvæmdum en hin kærða ákvörðun mælir fyrir um, eins og að lagfæra girðinguna.

Aðilar eru ósammála um hvort kærandi sem eigandi girðingarinnar eða Míla sem eigandi símastrengsins skuli bera þann kostnað sem af úrbótum hljótist. Kærandi tekur fram í kæru sinni að mótmæli hans snúi eingöngu að þeim hluta hinnar kærðu ákvörðunar sem lýtur að því að hann skuli bera allan kostnað sem til falli við framkvæmd verksins. Honum verði ekki gert að greiða kostnað umfram það sem hann hefði þurft að hafa af eðlilegu viðhaldi núverandi girðingar.

Úrskurðarnefnd lítur svo á að ágreiningur í máli þessu snúist fyrst og fremst um hver eigi að bera kostnað af framkvæmdum sem bæti úr truflunum á fjarskiptum sem stafar frá rafmagnsgirðingu í eigu kæranda. Fjárhæð þess kostnaðar getur hins vegar ráðist af því til hvaða úrræða gripið verður. Úrskurðarnefndin mun því, eftir því sem tilefni er til, fjalla um þann þátt hinnar kærðu ákvörðunar sem lýtur að þeim úrbótum sem kæranda var gert að grípa til.

### 3.

#### **Valdheimildir PFS**

Kærandi dregur í efa heimildir PFS til að krefjast úrbóta vegna fjarskiptatruflana. PFS telur slíka heimild ótvíræða í 64. gr. laga um fjarskipti.

Eitt af hlutverkum PFS er að gæta hagsmuna almennings með því m.a. að tryggja að heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta sé viðhaldið, sbr. f- lið 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sömu laga skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Markmið laga um fjarskipti nr. 82/2003 er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Í 64. gr. laganna er fjallað um takmörkun fjarskipta vegna truflana eða sérstakra aðgerða. Þar segir að liggja fyrir að rafföng, tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valdi skaðlegri truflun á rekstri fjarskiptavirkis sé PFS heimilt að beina fyrirmælum til eiganda slíks hlutar um að hann grípi á eigin kostnað til viðeigandi úrbóta án tafar, taki t.d. niður, færi eða fjarlægji viðkomandi hlut sem valdi skaðlegri truflun.

Með 9. gr. laga nr. 34/2011 um breytingu á lögum um fjarskipti var gerð breyting á 64. gr. fjarskiptalaga. Í athugasemd við ákvæðið í frumvarpi til breytingalaganna (10. gr. frumvarpsins) kemur m.a. fram, að með þeirri breytingu verði PFS gert kleift að grípa til viðeigandi ráðstafana vegna fjarskiptatruflana sem rafföng valdi. Stofnuninni yrði þannig falið að meta hvort hlutir valdi fjarskiptatruflunum og ákveða til hvaða viðeigandi úrbóta þurfi að grípa. Í athugasemdunum kemur jafnframt fram að raffang sé hvers konar hlutur sem kemur að gagni við nýtingu rafmagns og eru rafmagnsgirðingar nefndar sem dæmi. Þá segir að með skaðlegri truflun sé átt við truflun sem setji í hættu, rýri alvarlega, hindri eða trufla endurtekið þráðlausa fjarskiptaþjónustu.

Að uppfylltum skilyrðum 64. gr. fjarskiptalaga er valdheimild PFS til þess að bregðast við truflun á fjarskiptum með fyrirmælum um úrbætur ótvíræð. Rafmagnsgirðingar eru rafföng og því búnaður sem fellur undir ákvæðið. Samkvæmt gögnum málsins veldur umrædd rafmagnsgirðing kæranda skaðlegri truflun á fjarskiptasambandi um jarðsímálínu sem liggur henni samsíða. Heimild PFS til að beina fyrirmælum um úrbætur til kæranda verður því ekki dregin í efa.

Kærandi telur að ekki séu lagaskilyrði til að fella kostnað við úrbætur, umfram kostnað við eðlilegt viðhald á rafmagnsgirðingunni, að öllu leyti á hann. PFS telur að ákvæði 64. gr. fjarskiptalaga sé skýrt og ótvírætt að þessu leyti.

Eins og áður segir veitir 64. gr. laga um fjarskipti PFS heimild til þess að beina fyrirmælum til eiganda hlutar sem veldur truflun á fjarskiptum um að grípa til viðeigandi úrbóta á eigin kostnað. Í athugasemd við 10. gr. framangreinds frumvarps er varð að lögum nr. 34/2011 segir um þessa heimild stofnunarinnar:

„Ákvæðið gerir ráð fyrir að eigandi hlutarins sem veldur hinni skaðlegu truflun beri kostnaðinn við nauðsynlegar úrbætur. [...] Ljóst er samkvæmt gildandi lögum, og hefur verið um langan tíma, að fjarskiptavirki nýtur forgangs þegar kemur að því að notkun þess og annars tækis eða hlutar er ósamrýmanleg á sama stað á sömu stundu. Undir slíkum kringumstæðum og ef um skaðlega truflun er að ræða ber að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi hinn hlutinn, þ.e. truflunarvaldinn, þannig að honum sé breytt, hann færður úr stað eða fjarlægður. Með tilliti til þessarar rötgrónu reglu þykir eðlilegt að fella hlutlæga ábyrgð á eiganda hlutarins til þess að bera kostnað við nauðsynlegar úrbætur til að koma í veg fyrir fjarskiptatruflunina.“

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða úrskurðarnefndar að heimild PFS til þess að leggja kostnað vegna framkvæmda, sem nauðsynlegar eru til þess að fyrirbyggja fjarskiptatruflanir, á eiganda rafmagnsgirðingar sem veldur slíkum truflunum, sé ótvíræð.

Hvað valdheimilir PFS varðar telur úrskurðarnefndin að lög um fjarskipti heimili PFS að beina fyrirmælum til kæranda um úrbætur vegna truflana á fjarskiptum og að kærandi skuli bera kostnað vegna þeirra. Mun úrskurðarnefnd því næst skoða hvort aðrar málsástæður kæranda eigi við um málsmeðferð PFS við töku hinnar kærðu ákvörðunar.

#### **4. Aðrar málsástæður kæranda**

Kærandi telur 64. gr. fjarskiptalaga ganga í berhögg við ákvæði stjórnarskrár um eignarrétt og atvinnufrelsi, meginregluna um bann við afturvirkni laga, sjónarmið um meðalhóf o.fl., eins og rakið er í kafla III hér að framan um málsástæður kæranda. Afstaða PFS til þessa er rakin í kafla IV. Er hún í stórum dráttum í samræmi við rökstuðning stofnunarinnar í hinni kærðu ákvörðun.

Úrskurðarnefnd tekur efnislega undir sjónarmið PFS um að dómstólar séu einir bærir til að meta stjórnskipulegt gildi laga gagnvart stjórnarskrá. Með vísan til niðurstöðu nefndarinnar um valdheimildir PFS til að krefjast úrbóta og leggja kostnað vegna þeirra á eiganda raffangs telur nefndin ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar um framangreindar málsástæður kæranda enda lúta þær að túlkun og gildissviði 64. gr. laga um fjarskipti. Úrskurðarnefndin telur þó ástæðu til að skoða beitingu meðalhófsreglu og rannsóknarreglu stjórnsýslulaga við töku hinnar kærðu ákvörðunar þar sem krafist var tiltekinna úrbóta af hálfu kæranda.

Kærandi gagnrýnir þau ummæli PFS í hinni kærðu ákvörðun að áætlaður milljón króna kostnaður sé innan hóflegra marka. Telur hann að PFS beri að meta tilvik sem þessi með tilliti til fjárhags og umfangs atvinnustarfsemi hvers aðila fyrir sig. Einnig verði að meta kostnað og afleiðingar fyrir atvinnustarfsemi kæranda og lífsviðurværi í samiburði við meint óþægindi notenda símalínunnar af truflunum á talsambandi.

Með vísan til niðurstöðu úrskurðarnefndar um valdheimildir PFS tekur nefndin undir það sjónarmið stofnunarinnar að ákvörðun um hver skuli bera kostnaðinn af úrbótum gefi ekki svigrúm til mats á meðalhófi sem leitt geti til annarar niðurstöðu, t.d. um skiptingu kostnaðar eða að annar en kærandi skuli bera kostnaðinn. Ef um truflun er að ræða þá hefur PFS heimild til þess að krefjast úrbóta af hálfu eiganda búnaðar sem veldur truflun á hans kostnað. Ekki verður því fallist á að leggja beri mat á sjónarmið kæranda um aðra kostnaðarskiptingu en fram kemur í hinni kærðu ákvörðun.

Meðalhófsregla stjórnsýslulaga krefst þess að fyrirmæli PFS um úrbætur séu ekki meira íþyngjandi en þörf er á til þess að ná því markmiði að koma í veg fyrir truflun á fjarskiptum. Í hinni kærðu ákvörðun og athugasemdum PFS kemur fram það mat stofnunarinnar að lausn vandans felist fyrst og fremst í því að beina burðarstraumi frá þeim legg girðingarinnar sem liggja samsíða símalínunni. Stofnunin hafi yfirfarið hvort vægari úrræði, eins og að endurnýja girðinguna að hluta eða öllu leyti eða fjarlægja hana, hafi komið til greina og talið svo ekki vera þar sem þau væru mun kostnaðarsamari og féllu því síður að kröfum um meðalhóf miðað við þær aðstæður sem uppi væru í málinu. Einnig kemur fram að úrbætur samkvæmt ákvörðuninni séu í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðafjarskiptasambandsins um varnir gegn truflunum á fjarskiptum frá rafföngum, auk þess sem litið hafi verið til staðals frá Nýja- Sjálandi. Sú lausn sem PFS leggi til hafi einnig þann kost umfram aðrar að hún hafi þegar verið prófuð með góðum árangri. Þar sem burðarstraumur endurbættrar girðingar myndi eftir sem áður liggja samhliða símalínu væri ekki öruggt að sú leið skilaði fullum árangri. PFS telur að enda þótt sú leið að færa símalínuna sé ekki beint kostnaðarmetin þá sé sú framkvæmd með tilheyrandi jarðvegsraski mun kostnaðarsamari en að færa girðinguna á þeim kafla sem krafa er um.

Úrskurðarnefnd telur að rökstuðningur PFS í hinni kærðu ákvörðun beri með sér að leitast hafi verið við að velja þá leið til úrbóta sem stofnunin teldi ódýrasta, hagfelldasta og í samræmi við leiðbeiningar og staðla um uppsetningu á rafmagnsgirðingum.

Úrskurðarnefnd fær hins vegar ekki séð að önnur úrræði, eins og að færa símalínuna, hafi verið kostnaðarmetin sérstaklega. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að við ákvörðun um úrbætur hafi farið fram mat á kostnaði á endurbótum á rafmagnsgirðingunni á þeim stað sem hún er nú. PFS greinir frá því að stofnunin álíti að sú leið yrði kostnaðarsamari fyrir kæranda og meira íþyngjandi fyrir hann að öðru leyti. Í gögnum málsins eru hins vegar engir kostnaðarútreikningar eða aðrir útreikningar sem bera með sér hvað legið hafi að baki slíku mati eða að slík úrræði hafi verið skoðuð sérstaklega, þrátt fyrir að PFS hafi talið að truflun mætti öðrum þræði rekja til slæms ástands girðingarinnar. Úrskurðarnefnd telur að ekki verði lagt fullnægjandi mat á það hvaða úrræði teljist minnst íþyngjandi fyrir kæranda án upplýsinga um möguleika og kostnað slíkra úrbóta. Er það því mat úrskurðarnefndar að hin kærða ákvörðun uppfylli að þessu leyti ekki kröfur rannsóknarreglu 10. gr. stjórnisýslulaga um að upplýsa mál nægilega áður en ákvörðun er tekin í því. Án slíkra upplýsinga verði ekki fullyrt að það úrræði sem hin kærða ákvörðun kveði á um sé minnst íþyngjandi fyrir kæranda.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar frá Mílu og vettvangskönnun PFS. PFS hefur brugðist við athugasemdum kæranda með frekari rannsóknum, skoðað upplýsingar m.t.t. alþjóðlegra leiðbeiningarreglna um varnir gegn truflunum á fjarskiptum frá rafföngum og dregið af þeim ályktanir um varanlegar úrbætur og kynnt kæranda niðurstöður sínar. Viðbrögð kæranda við þeim upplýsingum snúa fyrst og fremst að því að hann beri ekki ábyrgð á framkvæmd úrbóta. Ummæli hans má að vissu leyti túlka á þann veg að hann sé í sjálfu sér ekki andsnúinn því úrræði sem stofnunin leggur til. Af hans hálfu er þó bent á að ekki liggi fyrir kostnaður við að færa símalínuna eða hvort önnur og vægari úrræði gætu komið að sama gagni. Kærandi tiltekur þó ekki þau úrræði sem hann telur að til greina gætu komið í því sambandi fyrr en í kæru.

Í hinni kærðu ákvörðun er lýst samskiptum PFS og kæranda varðandi bráðabirgðaúrbætur og áætlun kostnaðar við að gera þær varanlegar. Í svari kæranda við fyrirspurn PFS þar að lútandi hafi komið fram að áætlaður heildarkostnaður við 3,2 km girðingu væri 1.009.600 kr. á verðlagi ársins 2012. Kærandi nefndi ekki önnur úrræði eða gerði grein fyrir áætluðum kostnaði annarra úrræða en flutningi línunnar í svari við framangreindri fyrirspurn PFS. Í kærinni segir kærandi hins vegar að endurbætur á girðingunni yrðu mun viðaminni framkvæmd en tilfærsla hennar. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að sú afstaða hans hafi komið fram með skýrum hætti á fyrri stigum málsins.

Eins og áður segir telur úrskurðarnefnd að PFS hafi ekki haft nægar upplýsingar til þess að fullyrða að flutningur rafmagnsgirðingarinnar væri ódýrari en önnur úrræði sem

stöðvað gætu truflanir á fjarskiptasambandi. Þegar litið er til þess að PFS óskaði eftir upplýsingum frá kæranda um aðgerðir sem að gagni gætu komið og áætlaðan kostnað vegna þeirra og svara kæranda í því sambandi er það mat úrskurðarnefndar að PFS hafi leitast við að upplýsa þennan þátt málsins. Þá telur úrskurðarnefnd að líta verði til þess að fyrir PFS lá að velja úrræði sem að gagni gæti komið við að fyrirbyggja truflun á fjarskiptum. Þar lagði stofnunin áherslu á að finna varanlega lausn á málinu. Fælist hún m.a. í því að beina burðarstraum frá þeim legg girðingarinnar sem lægi samsíða símalínunni. Prófanir sýndu að sú leið sem PFS ákvað næðu þeim tilgangi. PFS virðist hins vegar ekki útiloka að aðrar úrbætur gætu komið að gagni. Í athugasemdum PFS kemur m.a. fram að ef þær breytingar sem stofnunin legði til gengju ekki eftir kæmi til álita að gera endurbætur á girðingunni, með því að skipta um girðingarstaura á þeim legg línunnar sem liggja samsíða símalínunni að uppfylltum tilteknum kröfum þar að lútandi.

Með hliðsjón af framansögðu telur úrskurðarnefnd rétt að PFS leiti eftir sjónarmiðum kæranda um hvort endurbætur á girðingunni í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar um uppsetningu rafmagnsgirðinga og staðla þar að lútandi, séu minna íþyngjandi en færsla girðingarinnar og að PFS leggi þá mat á hvort þær úrbætur teljist fullnægjandi til að ná því markmiði sem að er stefnt, þ.e. að koma í veg fyrir truflanir á fjarskiptum.

Með vísan til alls framangreinds er það mat úrskurðarnefndar að umræddur annmarki á hinni kærðu ákvörðun leiði ekki til ógildingar á þeim hluta hennar sem kveður á um úrræði sem kæranda ber að grípa til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir fjarskiptatruflanir af rafmagnsgirðingu í hans eigu. Úrskurðarnefnd telur hins vegar rétt að þær úrbætur sem kæranda var gert að grípa til í hinni kærðu ákvörðun komi aðeins til framkvæmda, reynist aðrar mögulegar úrbætur ekki tækar. Er því lagt er fyrir PFS að gefa kæranda hæfilegan frest til þess að sýna fram á að endurbætur á girðingunni séu minna íþyngjandi en færsla girðingarinnar og leggja mat á hvort þær séu fullnægjandi til að koma í veg fyrir truflanir á fjarskiptum.

Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun

## **IX. Úrskurðarorð**

Ákvörðun PFS í máli nr. 7/2013 um að kærandi (...) <sup>7</sup> og eigandi rafmagnsgirðingar á téðri jörð, beri að grípa til viðeigandi úrbóta til að koma í veg fyrir truflanir á fjarskiptum og bera allan kostnað sem til fellur við framkvæmd þeirra, er staðfest.

Ákvörðun um að kærandi skuli færa hluta af rafmagnsgirðingunni í samræmi við uppdrátt í viðauka er staðfest, en háð þeim fyrirvara að kærandi hafi ekki sýnt fram á

---

<sup>7</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

aðra leið til að ná því markmiði sem stefnt er að, þ.e. að koma í veg fyrir truflanir á fjarskiptum, og PFS fallist á hana.


Kærandi skal hafa lokið úrbótum innan þess frests sem PFS setur. Að öðru leyti er hin kærða ákvörðun staðfest.

Málskostnaður nefndarinnar 936.000 kr. greiðist af ríkissjóði.

Reykjavík, 14. september 2013.



Margrét Vala Kristjánsdóttir



Brynja I. Hafsteinsdóttir



Kirstín Þ. Flygenring